


Fjallabyggð



FASTEIGNAGJÖLD 2012

1. Álagningarprósentur.

Fasteignaskattur skv. a.lið	0.49%
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.	
Fasteignaskattur skv. b.lið	1.32%
Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.	
Fasteignaskattur skv. c.lið	1.65%
Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu	
Lóðarleiga íbúðarhúsa, bifreiðageymslna og félagsheimila	1.90%
Lóðaleiga annarra lóða	5.00%
Vatnsskattur	0.35%
Holræsagjald af fasteignamati húsa, mannvirkja lóða og landa	0.36%
Sorphirðugjald á hverja íbúð	25.400 kr
Hálft sorphirðugjald er lagt á eigendur sumarhúsa á skipulögðum frístundasvæðum.	

Álagning á gripahús verður með sama hætti og 2011.
Bæjarstjórn samþykkti að taka til umfjöllunar álagningarprósentu á gripahús á skipulögðum svæðum í þéttbýli, þegar Alþingi hefur lokið umfjöllun um 3. grein laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. Fjöldi gjalddaga.

Fjöldi gjalddaga eru átta, frá 1. mars 2012 til 1. október 2012, með eindaga 1. næsta mánaðar.
Ef álagning fasteignagjalda á fasteign nær ekki 23.000 kr. á gjaldanda, verður öll upphæðin innheimt á fyrsta gjalddaga, 1. mars 2012.
Gefinn er kostur á því að gjaldendur geti samið um uppgreiðslu gjalda fyrr en nauðsyn er.

Álagningarseðlar fasteignagjalda 2012 verða sendir í pappírsmáli til allra gjaldenda.
Einnig er gert ráð fyrir að gjaldendur geti nálgist rafræna útgáfu álagningarseðlanna á vefsíðu island.is.

3. Álagning gjalda.

Álagning er unnin í álagningarkerfi Þjóðskrár Íslands. Niðurstaða er færð í bókhaldkerfi sveitarfélagsins og í innheimtukerfi þess stofnaðar greiðslukörfur mánaðarlega og innheimtuseðlar sendir lögaðilum og gjaldendum 65 ára og eldri. Gjaldendum birtist greiðsluseðill rafrænt í heimabanka. Ef vilji er til að greiða með boðgreiðslum hafið samband við skrifstofu sveitarfélagsins.

4. Innheimta vanskilakrafna.

Momentum greiðsluþjónusta ehf. og Gjaldheimtan ehf. innheimta vanskilakröfur.

5. Reglur um afslátti og styrki.

Reglur Fjallabyggðar um afslátt af faseignaskatti hjá teljulágum elli- og örorkulífeyrisþegum eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Reglur Fjallabyggðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

17. febrúar 2012
Skrifstofu- og fjármálastjóri